

Efnisorðaráð 53. fundur

Haldinn í Þórshamri við Templarasund 28. ágúst 2007 kl. 14.00.

Fundarmenn: Guðný Ragnarsdóttir, Elísabet Halldórsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir.

1. Staða mála og starfið framundan rætt.
 - *Sóley er búin að vinna úr fyrsta breytingaskjali efnisorðaráðs og hefur byrjað á því seinna. Eftir er að fara í gengum lykilinn sjálfan.
 - *Rætt var um brýna nauðsyn þess að halda námskeið fyrir lyklara. Best væri að slíkt námskeið væri gert að skyldu fyrir skrásetjara og að þau væru haldin hjá Landskerfi.
 - *Semja þarf verklagsreglur fyrir lyklun. Best væri að þær væru felldar inn í skráningarhandbókina á <http://hask.bok.hi.is/> til að ekki þyrfti að leita að upplýsingum á mörgum stöðum.
 - *Samþykkt var að óska eftir fundi með landsbókaverði, Ingibjörgu Sverrisdóttur, og framkvæmdastjóra og forstöðumanni kerfisþjónustu landskerfis, Sveinbjörgu Sveinsdóttur og Sigrúnu Hauksdóttur, til að ræða starfið. Þórdís tók að sér að skrifa bréf þess efnis til landsbókavaráðar. Fundarefni: A) Utanumhald um efnisorðagjöf fyrir efnisorðaráð og lyklara. Slíkt kerfi myndi nýtast öllum. Athuga þarf kerfi. B) Greiðslufyrirkomulag C) Námskeiðahald
 - *Rætt var um að skýra þurfi valdsvið efnisorðaráðs: þegar ágreiningur kemur upp, gagnvart stefnumörkun, lyklun og lyklurum. Rætt var um erfiðleika við það þegar hlutir (form) eins og leikföng fá efnisorð. Líklega er nauðsynlegt að búa til nýtt efnisorðasvið til þessara nota.
2. Rætt aftur var um tillögu að efnisorðinu Meðhöndlun / meðferð úrgangs vegna svarbréfs frá Kristínu Aðalsteinsdóttur hjá UST frá 13.júní, þar sem hún var ósátt við ákvörðun efnisorðaráðs frá 12. júní. Ákvörðun efnisorðaráðs frá 52. fundi stendur óbreytt. Þórdís tekur að sér að skrifa Kristínu bréf til að skýra afstöðu efnisorðaráðs. Bætt var við vikorðinu sorphirða N Sorpvinnsla.
3. Fjallað var um tillögu að efnisorðinu Heimastjórn og það samþykkt VH Stjórnarform.
4. Fjallað var um erindi Þóru Sigurbjörnsdóttur frá 24.8 sl. um Social Movements m.a. sem Grasrótahreyfingar, Alþýðuhreyfingar, Félagshreyfingar. Samþykkt var að orðið Grasrótarsamtök sem er í KE næði vel yfir þetta (m.a. var leitað til skilgreiningar Britannicu á Social Movements) og var erindi Þóru svarað.
 - Grasrótahreyfingar: N Grasrótarsamtök
 - Félagshreyfingar: N Grasrótarsamtök eða N Félög eftir því sem við á
 - Alþýðuhreyfingar: N Grasrótarsamtök eða N Félög eftir því sem við á.
5. Tillaga að efnisorðinu Íraksstríðið. Í 650 4 er nú Írakstríðið, en í KE stendur STYRJALDIR UL Nota má heiti annarra styrjalda sem valorð. Hinsvegar eru allar styrjaldir færðar undir viðkomandi tímabil, t.d. Persaflóastríðið ÞH undir Nýöld. Íslenskri málstöð var send fyrirspurn vegna ritháttar og staðfesti Kári Kaaber ritháttinn Íraksstríðið. Samþykkt var efnisorðið Íraksstríðið VH Styrjaldir SH Nýöld. Einnig var samþykkt að flytja nafngreindar styrjaldir með VH Nýöld sem ÞH undir Styrjaldir. Samþykkt var að fella niður setninguna *Nota má heiti annarra ... sem valorð* í næstu útgáfu *Kerfisbundna efnisorðalykilsins* þar sem hún býður upp á ósamræmi í svo víð-

tæku kerfi sem Gegnir er. Móta þarf hvert efnisorð fyrir sig samkvæmt ÍST 90 til að tryggja samræmi.

6. Fjallað var um tillögu að efnisorðinu Stjórnmalapátttaka áður vikorð fyrir Stjórnmalaflokkar. Var Stjórnmalapátttaka samþykkt, VH Stjórnmal.
7. Samþykkt var nýtt vikorð: sérleyfi í viðskiptum N Viðskiptasérleyfi.
8. Samþykkt var nýtt valorð Gróðurhúsalofttegundir VH Lofttegundir SH Koltvíoxíð, SH Freon

Næsti fundur var ákveðinn mánudaginn 10. september kl. 14. Fundi slitið um 16.15.

Guðný Ragnarsdóttir

28. ágúst 2007 – (15 færslur) – 53. fundur

alþýðuhreyfingar N Félög
alþýðuhreyfingar N Grasrótarsamtök
félagshreyfingar N Félög
félagshreyfingar N Grasrótarsamtök
grasrótahreyfingar N Grasrótarsamtök
Gróðurhúsalofttegundir VH Lofttegundir SH Koltvíoxíð SH Freon
Heimastjórn VH Stjórnarform
Íraksstríðið VH Styrjaldir
Írakstríðið N Íraksstríðið
koldíoxíð N Koltvíoxíð
Persaflóastríðið VH Styrjaldir (VH 1992-2001 Nýöld)
sérleyfi í viðskiptum N Viðskiptasérleyfi
sorphirða N Sorpvinnsla
Stjórnmalapátttaka (1992-2001 vikorð undir Stjórnmalaflokkar) VH Stjórnmal
Styrjaldir VH Hernaður SH Nýöld

Þórdís T. Þórarinsdóttir

Efnisorðaráð 54. fundur

Haldinn í Þórshamri við Templarasund 10. september 2007 kl. 13.30.

Fundarmenn: Guðný Ragnarsdóttir, Elísabet Halldórsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir.

1. Þórdís lagði fram tillögu að tölvupósti til Kristínar Aðalsteinsdóttur hjá Umhverfisstofnun v. vikorðsins meðhöndlun / meðferð úrgangs og var samþykkt að Þórdís sendi póstinn.
2. Samþykkt var að taka upp efnisorðið Atvinnubílstjórar, VH Starfsstéttir, SH Ökumenn. Ökumenn fengu VH Akstur. Ragna tekur að sér að fara í gegnum efnisorð fyrir ýmsar tegundir af atvinnubílstjórum og ökumönnum með tilliti til þrengri heita.
3. Samþykkt var að efnisorðið úrgangsefni væri vikorð fyrir Úrgangur.

4. Rætt var um lista sem Ragna fær yfir efnisorð sem bætast við nafnmyndaskrá í 650 4. Samþykkt var að það yrði að taka þau orð öll til umfjöllunar, þ.e. ný vikorð og orð sem falla undir skilgreininguna „nota má heiti annara ... sem valorð“.
5. Rætt var um orð tengd bókmenntum, þ.e. bókmenntir ákveðinna landa, kvikmyndir ákveðinna landa o.s.frv. og stefnumörkun í þeim efnunum. Áveðið var að geyma þá umræðu til betri tíma. Þórdísi fannst réttast að fara eftir stefnumörkun LC.
6. Fjallað var um tillögu Huldu Ásgrímsdóttur að landheitinu Gullni hringurinn. Því var hafnað en ákveðið að betra væri að nota Golden Circle (Iceland) og setja orðið í svið 651 0 - erlend landfræðiheiti. Ekki þótti ástæða til að gera frávísun á Gullni hringurinn.
7. Fjallað var um ábendingu Viggós Gíslasonar um aðgreiningu sveitarfélagaheita – stjórnsýslueiningar í sviði 61014 frá landfræðheitum í sviði 651 0. Viggó benti á vefinn <http://www.samband.is/template1.asp?Id=1876> og var samþykkt að hann væri góð heimild við ákvörðun heitanna. Ef lyklari er í vafa um hvort rit fjallar um stjórnsýslueininguna eða landshlutann ber að nota landfræðiheitið.
8. Samþykkt var tillaga um að taka upp efnisorðið Umhverfisskattar VH Skattar SH Umhverfismál SH Neytendamál.
9. Byrjað var að fjalla um erindi Jónínu Hafsteinsdóttur um efnisorðið Nafnalög. Til eru lög um Mannanöfn nr. 45/1996 og lög um Bæjarnöfn 35/1953 og lög um vörumerki nr. 45/1997. Ákveðið var að ræða erindið betur á næsta fundi. Engin ákvörðun var tekin.
10. Tekið var upp efnisorðið Þingmenn VH Stjórnámamenn, ÞH Alþingismenn, SH Þjóðþing
11. Tekið var upp efnisorðið Þingforsetar, VH stjórnámamenn. UL notað um forseta þjóðþinga og yfirþjóðlegra þinga.
12. Rætt var um efnisorðið Löggjafarþing vs. Þjóðþing. Engin ákvörðun tekin og umræðu frestað.

Fundi slitið rúmlega 16. Næsti fundur ákveðinn 1. október kl. 14.00

10. september 2007 – (11 færslur) – 54. fundur

Alþingismenn VH Þingmenn (VH áður stjórnámamenn)
 Atvinnubílstjórar VH Starfsstéttir SH Ökumenn
 bílstjórar N Atvinnubílstjórar
 Leigubílstjórar VH Atvinnubílstjórar (áður VH Starfsstéttir)
 Nafnalög VH Lög SH Nafnfræði
 Umhverfisskattar VH Skattar SH Umhverfissmál SH Neytendamál
 úrgangsefni (2001 vikorð undir Sorp) N Úrgangur
 Vörubílstjórar VH Atvinnubílstjórar (áður VH Starfsstéttir)
 Þingforsetar VH Stjórnámamenn UL Notað um forseta þjóðþinga og yfirþjóðlegra þinga, s.s.
 Evrópuþingsins
 Þingmenn VH Stjórnámamenn SH Þjóðþing

Efnisorðaráð 55. fundur

Haldinn í Þórshamri við Templarasund 3. október 2007 kl. 09.00.

Fundarmenn: Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

Fundarefni var að mestu vikorð og tilvísanir vegna þeirra skv. tillögum Rögnu.

1. Rætt var áfram um lið 2 úr síðustu fundargerð sem fjallaði um Atvinnubílstjóra og Ökumenn, eftir yfirferð Rögnu. Samþykkt var að taka upp efnisorðin Sendibílstjórar sem ÞH undir Atvinnubílstjórar, rútubílstjórar sem vikorð fyrir Hópfærðabílstjórar, sem samþykkt var sem valorð. Einnig var samþykkt vikorðið bifreiðastjórar N Atvinnubílstjórar, N Ökumenn.
2. Samþykkt var vikorðið stálsuða N Málsuða.
3. Töluverð umræði varð um MA-ritgerðir, rithátt á þeim og tegundir t.d. MBA gráður. Samþykkt var að MA-ritgerðir og M.-A.-ritgerðir yrðu vikorð N Meistaraprófsritgerðir. Einnig var samþykkt að sleppa punktum í skammstöfununum sbr. M.A. Nánari umræða um var geymd til betri tíma.
4. Norrænt samstarf samþykkt sem vikorð N Norræn samvinna.
5. Heitið Barnsfæðingar samþykkt sem vikorð N Fæðing.
6. Efnisorðinu Verslunarenska var breytt í vikorð N Viðskiptaenska.
7. Ákveðin var frávísun frá orðunum öryggismál (tölvur) og öryggi (tölvur) N Tölvuöryggi.
8. Samþykkt voru eftirfarandi vikorð og breytingar á tilvísunum: simulation models N Hermilíkon, mathematical models N Reiknilíkon, stærðfræðileg líkön N Reiknilíkon, stærðfræðilíkon N Reiknilíkon, stærðfræðileg herming N. Reiknilíkon. Reiknilíkon er breytt valorð VH Stærðfræði. Nýtt valorð samþykkt: Stærðfræðileg eðlisfræði VH Eðlisfræði. Ragna fer í gegnum Hermun og skoðar. Ákvörðun geymd þar til síðar.
9. Samþykkt var tungumálaheitið Tagalog VH tungumál. Guðný talar við Maríu Ditas til að athuga hvort tungumálið Pilipino sem getið er um í Britannicu sé sama mál og Tagalog.

Fundi slitið upp úr kl. 11. Næsti fundur var ákveðinn 18. október kl. 14.00

3. október 2007 – (23 færslur) – 55. fundur

barnsfæðingar N Fæðing

bifreiðastjórar N Atvinnubílstjórar

bifreiðastjórar N Ökumenn

filippeyska N Tagalog

Hópfærðabílstjórar VH Atvinnubílstjórar

langfærðabílstjórar N Hópfærðabílstjórar

M.A.-ritgerðir N Meistaraprófsritgerði

MA-ritgerðir N Meistaraprófsritgerðir

mathematical models N Reiknilíkon

norrænt samstarf N Norræn samvinna

Reiknilíkon (breytt valorð 1996-2001 Stærðfræðileg líkön) VH Stærðfræði SH Hermilíkon

rútbílstjórar N Hópfærðabílstjórar
Sendibílstjórar VH Atvinnubílstjórar
sendiferðabílstjórar N Sendibílstjórar
simulation models N Hermilíkon
stálsuða N Málmsuða
Stærðfræðileg eðlisfræði (1996-2001 vikorð undir Stærðfræðileg líkön) VH Eðlisfræði
stærðfræðileg herming (1996-2001 vikorð undir Stærðfræðileg líkön) N Reiknilíkön
stærðfræðileg líkön (1996-2001 valorð) N Reiknilíkön
stærðfræðilíkön N Reiknilíkön
Tagalog VH Tungumál SH Filippseyjar
verslunarenska (1996-2001 valorð) N Viðskiptaenska
Viðskiptaenska (breytt valorð) VH Enska
öryggi (tölvur) N Tölvuöryggi
öryggismál (tölvur) N Tölvuöryggi

Efnisorðaráð 56. fundur

Haldinn í Þórshamri við Templarasund 29. október 2007 kl. 13.30.

Fundarmenn: Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

1. Tekið upp frá síðasta fundi: Guðný fékk staðfest hjá Maríu Ditas að Tagalog væri orðið yfir tungumál það sem talað er á Filippseyjum og bæri að vísa frá Pilipino eða Filipino til Tagalog. Þó var ákveðið að óþarfi væri að bæta þessum vikorðum í lykilinn eins og sakir standa.
2. Samþykkt var að bæta við vikorðinu Dyggðir N Dyggðir v. erindis Jónínu Hafsteinsdóttur. Henni svarað.
3. Tekið var upp erindi frá Jónínu Hafsteinsdóttur um efnisorðið Nafnalög. Samþykkt var að taka það upp í merkingunni lög um mannanöfn, örnefni og bæjarnöfn, firmaheiti og vörumerki. Jónínu svarað. Einnig var tekið upp vikorðið staðanöfn N: Örnefni. Ragna breytir og fer í gegnum staðanöfn í tilefni af þessari breytingu. Einnig var bætt við vikorðinu firmaheiti N: Fyrirtækjanöfn.
4. Skv. ábendingu frá Þóru Sigurbjörnsdóttur var tekið upp efnisorðið VísnaGátur VH Gátur. Þóru svarað.
5. Breytt valorð samþykkt. Þróunarsamvinna NF þróunaraðstoð. Breytt VH Alþjóðastjórnsmál.
6. Breytt valorð samþykkt. Kúveit NF Kuwait.
7. Rætt var um efnisorðið Styrjaldir og tilfærslu ÞH undir því með tilliti til sögulegra styrjalda. Ákveðið var að það biði betri tíma.
8. Samþykkt að vísa frá Alþjóðlegum samningum og Fjölbjóðlegum samningum N: Alþjóðasamningar.
9. Samþykkt nýtt efnisorð Einkarekstur VH Markaðshagkerfi.

10. Efnisorðið Tjarnir gert að valorði (var áður vikorð) VH Vatnafræði SH Votlendi. Einnig vikorðið tjörn N Tjarnir.
11. Byrjað var að ræða efnisorðið Hjúkrunarmenntun en látið óútrætt.
12. Nýjum skyldleikatengslum bætt við: Lón SH Jökullón.
13. Breytt SH : Síamstvíburar SH Tvíburar. (Í stað SH Fjölburar áður)
14. Tæpt var á efnisorðinu Fornaldarsögur vs. Fornaldarsögur Norðurlanda. Verður að bíða betri tíma.

Fundi slitið um 15.40. Næsti fundur boðaður mánudaginn 12. nóvember kl. 13.30 í Þórshamri við Templarasund.

29. október 2007 – (23 færslur) – 56. fundur

dygðir N Dyggðir

Nafnalög VH Lög UL Notað um lög um mannanöfn, örnefni, bæjanöfn, fyrirtækjaheiti og vörumerki SH Nafnfræði

firmaheiti N Fyrirtækjanöfn

staðanöfn N Örnefni

Vísnaðgátur VH Gátur

Þróunarsamvinna (breytt valorð, 1996-2001 þróunaraðstoð) VH Alþjóðastjórnsmál (1996-2001 VH Alþjóðafjármál)

þróunaraðstoð (1996-2001 valorð) N Þróunarsamvinna

Kúveit (breytt valorð, 1996-2001 Kuvait) VH Austurlönd nær

Kuwait (1996-2001 valorð) N Kúveit

Kúvat N Kúveit

alþjóðlegir samningar N Alþjóðasamningar

fjölpjóðlegir samningar N Alþjóðasamningar

Einkarekstur (1996-2001 vikorð undir Markaðshagkerfi) VH Markaðshagkerfi

Tjarnir (2001 vikorð undir Stöðuvötn og votlendi) VH Vatnafræði SH Votlendi

tjörn N Tjarnir

Efnisorðaráð 57. fundur

Haldinn í Þórshamri við Templarasund 12. nóvember 2007 kl. 13.30.

Fundarmenn: Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

Í upphafi fundar var samþykkt að ýta á eftir sameiginlegum fundi með Ingibjörgu Sverrisdóttur og Sveinbjörgu Sveinsdóttur.

1. Fyrst var fjallað um nokkur efnisorð sem greinilega er verið að nota á rangan eða ómarkvissan hátt í Gegni. Bætt var við umfangslýsingu við efnisorðin Fiskveiðilögsaga, Efnahagslögsaga, og Landhelgi.
2. Efnisorðinu Búddhadómur breytt í Búddadóm. Vísað var frá búddhatrú og búddatrú N Búddadómur. Einnig var bætt við vikorðinu búddismi. Millivísanir og breytingar virkjaðar.
3. Nýtt valorð Rósamálun VH Alþýðulist, að tillögu Þóru Sigurbjörnsdóttur. Þóru svarað.

4. Nýtt valorð Ríkisstyrkir VH Styrkir, að tillögu Viggós Gíslasonar. Viggó svarað.
5. Breytt valorð: Fornaldarsögur Norðurlanda NF Fornaldarsögur, VH Fornrit.
6. Breytt valorð: Lífeindafræðingar NF meinatæknar VH Heilbrigðisstéttir. Einnig Lífeindafræði NF meinatækni, NF lífeindatækni, VH Heilbrigðismál
7. Nýtt valorð Ljósmóðurfræði VH Heilbrigðismál
8. Breytt valorð Mannauðsstjórnun NF Starfsmannastjórnun VH Stjórnun
9. Nýtt valorð Skólastjórnun VH Stjórnun, SH Skólar, SH Skólastjórar
10. Rætt var um efnisorðið uppeldissaga. Ákveðið var að bíða með að taka það upp sem nýtt efnisorð. Ragna spyr Loft Guttormsson.
11. Nýtt valorð Jeppar VH Bílar
12. Nýtt valorð Barnamatur VH Matvæli
13. Ný valorð Abbadísir, Ábótar VH Klaustur
14. Ný valorð Álka NF Alca torda, NF álkur
Stuttnefja NF Uria lomvia
Langvía NF Uria aalge
VH að öllum þessum nýju orðum er Svartfuglar
Ný vikorð:
æðarfuglar N Æðarfugl
Somateria millissima N Æðarfugl
15. Rætt var um Þætti. Hvort rétt er að hafa svigagreinar. Ákveðið var að bíða með þetta.

Fundi slitið um kl. 16.00. Næsti fundur ákveðinn 26. nóv. kl. 13.30

12. nóvember 2007 – (36 færslur) – 57. fundur

Abbadísir VH Klaustur

Alca torda N Álka

Ábótar VH Klaustur

Álka VH Klaustur

álkur N Álka

Barnamatur VH Matvæli

Búddadómur (breyttur ritháttur, 2001 Búddhadómur) VH Trúarbrögð

Búddasiður N Búddadómur

Búddatrú N Búddadómur

Búddhadómur N Búddadómur

Búddhatrú N Búddadómur

Búddismi N Búddadómur

Efnahagslögsaga UL Sem dæmi er efnahagslögsaga Íslands svæði utan landhelgi (12 mílna) sem afmarkast af línu sem alls staðar er 200 sjómílar frá grunlínunum.

Fiskveiðilögsaga UL Notað um hafsvæði út frá grunnlínupunktum sem ríki hafa forræði yfir til veiða og annarrar nýtingar. Sem dæmi er fiskveiðilögsaga Íslands 200 mílar.

Fornaldarsögur Norðurlanda (breytt valorð 1992-2001 Fornaldarsögur) VH Fornrit
Jeppar VH Bílar

Landhelgi UL Notað um landsvæði umhverfis land þar sem fullveldisréttur þess gildir. Sem dæmi er
landhelgi Íslands 12 sjómíllur frá grunnlínu.

Langvía VH Klaustur

Lífeindafræði (breytt valorð, 1992-2001 meinatækni) VH Heilbrigðismál

Lífeindafræðingar (breytt valorð, 1996-2001 meinatæknar) VH Heilbrigðisstéttir

lífeindatækni N Lífeindafræði

Ljósmóðurfræði VH Heilbrigðismál

Mannauðsstjórnun (breytt valorð, 1992-2001 Starfsmannastjórnun) VH Stjórnun

meinatæknar (1996-2001 valorð) N Lífeindafræðingar

meinatækni (1992-2001 valorð) N Lífeindafræði

Ríkisstyrkir (1996-2001 vikorð undir Styrkir) VH Styrkir

Rósamálun VH Alþýðulist

samskiptastjórnun (2001 vikorð undir Starfsmannastjórnun) N Mannauðsstjórnun

Skólastjórnun VH Stjórnun SH Skólar, SH Skólastjórar

Somateria mollissima N Æðarfugl

starfsmannahald (1992-2001 vikorð undir Starfsmannastjórnun) N Mannauðsstjórnun

starfsmannastjórnun (1992-2001 valorð) N Mannauðsstjórnun

Stuttnefja VH Klaustur

Uria aagle N Langvía

Uria lomvia N Stuttnefja

æðarfuglar N Æðarfugl

Efnisorðaráð 58. fundur

Haldinn í Þórshamri við Templarasund 28. nóvember 2007 kl. 13.30.

Fundarmenn: Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

1. Erindi frá Berglindi Hönnu Jónsdóttur tekið fyrir. Eldra erindi um sýningar hafði ekki verið svarað, en tekið fyrir 7. janúar 2007. Berglindi svarað.
2. Listi frá Þórdísi skoðaður Stangveiðar í Gegni eru Stangveiðar í KE. Þetta var lagað í Gegni og Stangveiðar gert að vikorði.
3. Amerískar bókmenntir vs. Bandarískar bókmenntir. Bandarískar bókmenntir valorðið VH Bókmenntir. Amerískar bókmenntir gerðar að vikorði. Ragna ætlar að fara yfir færslur og laga.
4. Nýtt valorð: Íslensk bókmenntasaga VH Bókmenntasaga.
Það á eftir að ræða betur útfærslu og samsetningarmöguleika á Bókmenntasögu.
5. Erindi Berglindar Hönnu rætt áfram: a) Iðnhönnuðir tekið upp sem valorð VH Hönnuðir, NF vöruhönnuðir, NF húsgagnahönnuðir. Ath. þarf síðar með VH fyrir Hönnuðir, eru nú undir Listamenn.
6. Erindi Berglindar b) Fylgihlutir (klæðnaður) samþykkt. VH Klæðnaður. Stokka þarf upp stigveldið Klæðnaður.
7. Erindi Berglindar c) Innsetningar samþykkt NF instalment, VH myndlist. Einnig Rými NF Space, VH Byggingarlist. Berglindi svarað.

8. Erindi frá Þóru Sigurbjörnsdóttur: Efnisorðið Menningararfur tekið upp VH menning, NF cultural heritage. Þóru svarað.
9. Erindi frá Þóru Sigurbjörnsdóttur: Tillaga um efnisorðið Bókaskreytingar. Tillögu hafnað. Bókaskreyting vikorð N Myndskreytingar. Þóru svarað. Ragna fer gegnum færslur þar sem mikið eru um rugling í þessari orðanotkun. Þóru svarað.
10. Erindi frá Viggó Gíslasyni um Öryggisgæslu og Öryggisþjónustu. Samþykkt að nota Öryggisgæsla VH Löggæsla, UL Notað um að gæta öryggis einstaklinga eða eigna, NF öryggisþjónusta. Einnig: Öryggisgæsla fanga (nýtt valorð) VH Fangelsisvist. Viggó svarað. Ragna skoðar þessi efnisorð og lagar.
11. Efnisorðatillaga frá Þóru Sigurbjörnsdóttur: Grunge um dans eða tónlistarstefnu. Ekki tekið upp, en er áfram inni í 693. Þóru svarað.
12. Ragna reynir að skoða lista með tillögum frá Auði og forvinna fyrir næsta fund.
13. Feðraorlof – rætt, en ekki tekin ákvörðun. Fundarmenn voru frekar neikvæðir á þetta efnisorð. Betra væri að nota Fæðingarorlof + Feður.
14. Samþykkt að Þórdís taki að sér í jólaleyfi að gera lista yfir latnesk heiti á þeim fuglum sem komnir eru inn í efnisorðalykil.

Fundi slitið um kl. 16.00. Næsti fundur ákveðinn 13. desember kl. 13.30. Rætt var um að stefna að öðrum fundi milli jóla og nýárs.

28. nóvember 2007 – (18 færslur) – 58. fundur

amerískar bókmenntir N Bandarískar bókmenntir
 Bandarískar bókmenntir VH Bókmenntir
bókaskreytingar N Myndskreytingar
 Fylgihlutir (klæðnaður) VH Klæðnaður
húsgagnahönnuðir N Iðnhönnuðir
 Iðnhönnuðir VH Hönnuðir
 Innsetningar VH Myndlist SH Rýmisverk
installations N Innsetningar
 Íslensk bókmenntasaga VH Bókmenntasaga
 Menningararfur VH Menning
 Rými VH Byggingarlist
space N Rými
stangveiðar N Stangaveiðar
stangveiði N Stangaveiðar
vöruhönnuðir N Iðnhönnuðir
 Öryggisgæsla VH Löggæsla UL Notað um að gæta öryggis einstaklinga eða eigna
 Öryggisgæsla fanga VH Fangelsisvist
öryggisþjónusta N Öryggisgæsla

Efnisorðaráð 59. fundur

Haldinn í Þórshamri við Templarasund 13. desember 2007 kl. 13.00

Fundarmenn: Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

1. Ingibjörg Sverrisdóttir landsbókavörður kom á fundinn og rætt var um framtíðarskipulag og fyrirkomulag lyklunar
2. Enska vikorðið e instalments var lagað á að vera Installations N Innsetningar.
3. Efnisorðið Bókaskreytingar samþykkt og þar með breytt samþykkt síðasta fundar. UL Skreytingar í bókum og á bókbandi aðrar en myndir, VH Myndskreytingar, SH Bókband.
4. Efnisorðið Samúræjar tekið upp NF samurai, VH Hermenn, SH Japan. Ragna leiðréttir vitlausan rithátt á orðinu sem er fyrir í Gegni.
5. Tillaga frá Laufeyju Eiríksdóttur að tveimur efnisorðum samþykkt og Laufeyju svarað. Þetta eru orðin Raunfærni VH Menntun og Raunfærnimat VH Námsmat, SH Starfsmat, Sett var UL á Raunfærni. Elísabet fer í gegnum viðkomandi færslur og lagar það sem laga þarf.
6. Tillaga að efnisorðinu Munnleg saga frá Önnu Sigurðardóttur rædd. Önnu var send fyrirspurn um að leita skýringa á muninum á Munnlegri geymd og Munnlegri sögu og mismunandi notkun á þeim orðum.

Fundi slitið 15.50. Á næsta fundi 28. desember kl. 14.00 verður tekið fyrir erindi Unnar Lárusdóttur frá 2006 um efnisorð tengd bankastarfsemi.

13. desember 2007 – (5. færslur) – 59. fundur

Bókaskreytingar VH Myndskreytingar SH Bókband UL Notað um skreytingar í bókum og á bókbandi, aðrar en myndir

Samúræjar VH Hermenn SH Japan
samurai N Samúræjar

Raunfærni VH Menntun UL Notað um færni sem einstaklingur hefur náð með ýmsum hætti, s.s. starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, skólanámi, félagsstörfum og fjölskyldulífi

Raunfærnimat VH Námsmat SH Starfsmat

Efnisorðaráð 60. fundur

Haldinn í Þórshamri við Templarasund 27. desember 2007 kl. 14.00

Fundarmenn: Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

Tekið var fyrir erindi Unnar Lárusdóttur frá 2006 um efnisorð tengd bankastarfsemi.

1. Efnisorðið Skuldastýring VH Lánamál, NF liability management samþykkt.
2. Samþykkt var efnisorðið Eignastýring VH Fjármál NF asset management SH Verðbréf
3. Unnur lagði til efnisorðið Sjóðsstýring eða Sjóðastýring. Ráðið óskaði eftir skilgreiningu á orðinu frá Unni og bíður ákvörðun um hvort taka eigi upp orðið svars Unnar.

4. Unnur lagði til efnisorðið Frumatvinnuvegir. Æskilegra þótti að nota frekar efnisorðin Landbúnaður og/eða Sjávarútvegur.
5. Efnisorðið Milliríkjaviðskipti tekið upp (1992-2001 utanríkisviðskipti). VH Viðskipti, NF milliríkjavarslun Milliríkjaviðskipti er breytt valorð var áður utanríkisviðskipti. Skoða þarf Utanríkisverslun og leiðréttu færslur.
6. Tekið var upp efnisorðið Seðlabankar VH Lánastofnanir.
7. Unnur lagði til efnisorðið Peningastefna. Ráðinu leist vel á orðið en kallaði eftir skilgreiningu frá Unni og tillögu um VH. Þó kom tillaga um VH Efnahagsmál. Ákvörðun bíður svars Unnar.
8. Að lokum fjallaði ráðið um svar Önnu Sigurðardóttur sem barst við fyrirspurn ráðsins vegna efnisorðsins Munnleg saga. Samþykkt var að taka upp efnisorðið Munnleg saga VH Sagnfræði, NF oral history og Munnleg geymd VH Þjóðfræði, NF oral tradition. Fara þarf í gegnum færslur í Gegni og sortera.

Fundi slitið tæplega 16.00. Næsti fundur ákveðinn 3. janúar 2008 frá kl. 13.00 – 15.00. Á þeim fundi verður farið í efnisorðatillögur frá Auði Gestsdóttur.

Guðný Ragnarsdóttir

27. desember 2007 – (15 færslur) – 60. fundur

asset management N Eignastýring VH Verðbréf

central banks N Seðlabankar

Eignastýring VH Fjármál Notað um þegar sérfræðingar sjá um að ávaxta fjármuni lögaðila

liability management N Skuldastýring

milliríkjavarslun N Milliríkjaviðskipti

Milliríkjaviðskipti (Breytt valorð, 1992-2001 utanríkisviðskipti) VH Viðskipti

monetary policy N Peningastefna

Munnleg geymd VH Þjóðfræði

Munnleg saga VH Sagnfræði UL Notað um frásagnir af atburðum sem fólk upplifði sjálft eða einhver nákominn því

oral history N Munnleg saga

oral tradition N Munnleg geymd

Peningastefna VH Efnahagsmál SH Seðlabankar

Seðlabankar VH Lánastofnanir

Skuldastýring VH Lánamál UL Notað um markvissar aðgerðir til að lágmarka gengisáhættu og hámarka vaxtahagræði SH Áhættustjórnun

utanríkisviðskipti (valorð 1992-2001) N Milliríkjaviðskipti